


Svona erum við

> Fjöldi íslenskra útvarpsstöðva



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fréðleikur

SPURT & SVARAD

SVERRIR DANIEL HALLDÓRSSON
lífræðingur

Hvalveiðar

Hvalveiðar í vísindaskyni hafa verið stundaðar frá árinu 2003 en veiðum þessa árs lauk í síðustu viku. Sverrir Daniel Halldórsson er lífræðingur á hvalveiðilíffræðisráðgjafarstofnuninni.

Hversu margar hrefnur megid þú veida og hvað eruð þú að rannsaka?

Þetta voru 60 dýr sem við mættum veiða í ár. Við erum fyrst og fremst að skoða fæðuvistfræðina; mikilvægi hrefnunnar í vistkerfinu. Við greinum til dæmis magasýni úr dýrunum.

Hvað verður um kjötíð?

Félag hrefnuveiðimanna sér um að setja kjötíð í sölu. Allur ágóði af þessum veiðum rennur í rannsóknarsjóð.

Hvernig fara veiðamar fram?

Við vorum með fjóra báta fyrir í sumar, en tvo undir lokin. Félag hrefnuveiðimanna útvegar bátana og allir skipstjórnarir eru gamlir hrefnuveiðimenn. Við notum norskkan sprenghlutur, sem springur þegar hann kemur í dýru.

viðburðir,
afþreying og fréttirREYKJAVÍK.COM
REYKJAVÍK.MAGallt
atvinna

Alla sunnudaga

FBL GREINING: TAMILTÍGRARNIR

Starfrækja fjölmiðla, skóla og banka

Reglulega berast fréttir af átökum svokallaðra Tamiltígra á Sri Lanka við þarland yfirvöld. Norrænar friðgæsluveitir hafa dvalist á eygni undanfarið, meðal annars nokkrir íslendingar.

Hverjir eru Tamiltígrarnir?

Tamiltígrarnir eru herská politísk samtök sem hafa strítt við yfirvöld Sri Lanka frá því á áttunda áratugnum með það að markmiði að aðskilja Tamil-svæðin í Norður- og Austur-Sri Lanka frá landinu og stofna nýtt ríki.

Eru Tamiltígrarnir hryðjuverkasamtök?

Eins og venjan er með samtök af þessum toga eru alls ekki állir sammála um hvernig skuli skilgreina Tamiltígrana. Stuð-

ingsmenn þeirra segja þá frelsishefjur en fjöldi ríkja, þeirra á meðal Bandaríkin, ríki Evrópusambandsins, Kanada og Indland, hafa sett Tígrana á lista yfir hryðjuverkasamtök. Það er aðallega gert vegna þess að þeir nota barnunga hermenn, hafa staðið fyrir launmordum á þekktum stjórnmálamönnum og beita sjálfsmorðs-árásum.

Þeir sem andmæla því að þeir séu hryðjuverkasamtök benda á að Tamiltígrarnir, sem stjórna nyrsta hluta landsins, haldi úti skólum fyrir börn, heilbrigðisþjónustu, dómskerfi, lagaskóla, fjölmiðla-kerfi, bönkum, tollgæslu og lögreglu, og séu því engin hryðjuverkasamtök, heldur sjálfstætt starfandi ríki með eigin stjórnsýslu.



Ný stjórnarskrá Finna reynist vel

Kimmo Sasi er formaður stjórnarskrárnefndar finnska þingsins og átti sæti í nefndinni sem samdi nýju stjórnarskrána sem tók gildi árið 2000. Auðunn Arnórsson hitti hann að máli í þinghúsinu í Helsinki.

Tilfæni heimsóknarinnar er að kynna reynslu Finna af því að endurskoða stjórnarskrá norræns lýðveldis, í ljósi þess að nú er verið að vinna að endurskoðun stjórnarskrár íslenska lýðveldisins.

Það fer ekki á milli mála þegar á fund Sasi er komið að þar fer maður sem gústar af. Hann hefur setti á þingi fyrir íhaldsflokkinn Kokoomus (Sameiningarflokkinn) síðan árið 1983. Hann er lögfræðingur að mennt og hefur allt frá því fyrst var farið að vinna að endurskoðun finnsku stjórnarskrárinnar, fyrst mannréttindakafans og svo allra annarra þátta hennar, tekið virkan þátt í því starfi. Sem formaður stjórnarskrárnefndarinnar hefur hann mikið um það að segja hvernig hún endurskoðaða stjórnarskrá Finna er tülkuð, enda hefur nefndin samsvarendi vald til að skera úr um stjórnarskrámsamræmi laga og stjórnskipunardómstólar hafa í öðrum ríkjum.

Lærdómur af valdatíð Kekkonens

Sasi var fyrst heðinn að lýsa aðdraganda þess að stjórnarskráin var endurskoðuð árið 2000. Til að útskýra það byrjar hann á að rifja upp að Finnland fékk sjálfstæði árið 1917 og þingið samþykkti nýja stjórnarskrá árið 1919. „Með henni varð Finnland lýðveldi; í henni var kveðið á um hvernig æðstu valdastofnanir ríkisins störfuðu,“ segir hann. „Þessi stjórnarskrá heist lítt breytt fram á tunda áratuginum. Eftir 24 ára forsetatíð Urho Kekkonens (1956-1981) var mikill vilji fyrir hendi að draga úr völdum forsetans, það var einn aðalhvatinu að stjórnarskrárbreytingum,“ útskýrir Sasi.

„Hinn var sá að mannréttindakvæði voru af mjög skörnum skammti í gömlu stjórnarskránni.“

Byrjað á mannréttindakafila

Viljinn annars vegar til að draga úr völdum forsetans og hins vegar til að efla mannréttindakvæði stjórnarskrárinnar voru samsæð aðalhvatinir að því að fljótlega eftir að Kekkonen var farinn frá völdum í byrjun níunda áratugarins var kölluð saman nefnd með fulltrúum úr öllum stjórnmálaflokkum sem sæti áttu á þingi. „Þessi nefnd hafði það hlutverk að semja nýjan mannréttindakafila stjórnarskrárinnar og ég átti sæti í henni,“ segir Sasi. Nefndinni til ráðgjafar var nefnd með stjórnlagafræðingum og öðrum sérfræðingum, auk embættismanna og fulltrúa hagsmunasamtaka aðila vinnumarkaðarinnar.

Erfiðar málamiðlanir

„Þetta nefndarstarf tók langan tíma og það þurfti miklar pólitísk-

ar málamiðlanir til að komast að niðurstöðu,“ segir Sasi. En niðurstaða náðist og ný mannréttindakafili tók gildi árið 1995, sama ár og endurskoðaður mannréttindakafili íslensku stjórnarskrárinnar gekk í gildi.

Sasi segir aðalmálamiðlunina, sem greiddi fyrir samþykki uppfærða mannréttindakafans, hafa verið þá að faliast var á að afnema vald það sem þriðjungur þingheims hafði til að fresta gildistöku tiltekinnna laga fram yfir kosningar, en þetta vald hafði verið stjórnarandstöðuflokkum Kekkonentímans mikilvægt haldreipi. Þegar borgaraflokkarnir komust í stjórn seint á níunda áratugnum og þurftu að koma efnahagsumbótum í framkvæmd reyndist þetta ákvæði síkum umbótaformum mjög til trafala. Því varð niðurstaðan sú að afnema það um leið og nýi mannréttindakafili var samþykktur, en í honum eru meðal annars ákvæði um efnahagsleg og félagsleg réttindi sem vinstrimenn í nefndinni lögðu mikla áherslu á að yrðu þar.

„Það skapast samstaða milli flokka innan þings um að taka þetta vald af minnihlutunum. Þessu var breytt um leið og nýi mannréttindakafili var samþykktur,“ staðfestir Sasi.

„Í framhaldi af því var samstaða um að halda verkinu áfram og uppfæra aðra þætti stjórnarskrárinnar, sem verið höfðu í gildi frá árinu 1919. Stefnan var sett á að endurskoðuð stjórnarskrá tæki gildi árið 2000,“ segir hann. Því hafi ný nefnd verið mynduð til að vinna að þessu verkefni. „Nefndin fór í gegnum gömlu stjórnarskrána og endurskrifaði ákvæði hennar; færði þau til nútímalægra horfs,“ útskýrir Sasi. „Ínnihaldslega voru þó lítilar breytingar gerðar aðrar en þær sem vörðuðu valdsvið forsetans.“

Forsetinn sviptur valdheimildum


Þær breytingar voru hins vegar umtalsverðar. „Forsetinn var sviptur nær öllu valdi í innanríkis- málum,“ segir Sasi. Til dæmis um þetta nefnir hann að ef forsetinn hefur eitthvað á móti tilteknu stjórnarfrumvarpi getur hann vísað því til baka til ríkisstjórnarinnar, en vilji hún halda málinu til streitu og sendir það óbreytt til forsetans til undirskriftar, verður hann að gera það.

„Einn raunverulegu völdin sem forsetinn hefur í innanlandsmálum er skipunarvald í æðstu embætti ríkisins,“ segir Sasi. Frá því uppfærða stjórnarskráin tók gildi hefur sýnt sig að þetta embættisskipunarvald hefur forsetinn nýtt sér til áhrifa.

Það sem álitit var haldast sem valdsvið forsetans er fyrst og fremst á sviði utanríkisamála.

Ánægja í öllum flokkum

„Ég tel að í öllum flokkum ríki nú almenn ánægja ríki nýju stjórnarskrána,“ segir Sasi. „Eins og ég sagði er valdsvið forsetans ekki alveg fullmótað enn, ég tel að það taki svoltinn tíma. Forsetinn mun draga úr hlutverki sínu í sameiginlegri utanríkis- og öryggismála-




ÞINGHÚSIÐ Í HELSINKI Með byggingu hins tilkominu mikla þinghúss á milli stríðsár- unum var fest í sessi tilkall þingsins til að vera kjölfesta finnskrar stjórnskipunar. LÖSUN/AND/UNIN

SÁTT UM VALD STJÓRNARSKRÁRNEFNDAR

Sasi segir góða samstöðu ríkja um það vald sem stjórnarskrárnefndin fer með. Hún hefur ein réttinn til að tülka stjórnarskrárgildi laga. Dómstólar hafa þennan rétt ekki nema að svo miklu leyti sem tengist tilteknu máli sem þeir þurfa að úrskurða í. Slík tülkun fær að sögn Sasi þó þá aðeins fordæmisgildi að hún gangi ekki gegn tülkun stjórnarskrárnefndarinnar. Hann segir aðeins eitt slíkt tilvik hafa komið upp í Hástaráði síðan stjórnarskráin tók gildi fyrir sex árum.

Spurður hvort það sé ekki til þess fallið að grafa undan trúverðuleika nefndarinnar að hún er skipuð stjórnmálamönnum en ekki atvinnulögfræðingum og endurspeglar þannig flokkspólitískar átakalínur, svarar Sasi því til að þetta hafi hingað til ekki verið vandamáli. „Við reynum jafnan að ná samstöðu þegar við tökum afstöðu til mála í nefndinni,“ segir hann. Og nefndarmenn reyni að láta lögfræðirök veða þinginn en pólitísk.

Návar verður fjallað um reynslu Finna af endurskoðun stjórnarskrárinnar í Fréttablaðinu á morgun.



KIMMO SASI Formaður stjórnarskrár- nefndar finnska þingsins.

stefnu ESB, ef ekki að eigin frumkvæði þá þvingaður til þess. Hann mun að mínu viti gegna öð minna hlutverki í leiðtogafundinum.“

Sasi rekur ástæðuna fyrir því að Finnar gátu svo lengi búið við stjórnarskrá, sem svo litlum breytingum tók, til þess að með 2/3 hluta þingmeirihluta var hægt að samþykka sér lög sem viku frá bókstaf stjórnarskrárinnar. Þessi heimild var notuð mörg hundruð sinnum á gildistíma gömlu stjórnarskrárinnar; mörg slík lög voru þó aðeins í gildi í takmarkað- um tíma.

Þegar nýja stjórnarskráin tók

gildi var kveðið á um að ekki væri hægt að haggja við kjarna stjórnarskrárvartanna réttinda borgaranna. „Nýja reglan var því sú að áfram er mögulegt að gera stjórnarskrárbreytingar með þessum hætti (2/3 meirihluta), en nær ein- göngu í tengslum við alþjóðasam- staffskuldbindingar okkar,“ útskýrir Sasi.

FRÉTTAVIDTAL
AUÐUNN ARNÓRSSON
auðunn@frettabladid.is

Stjórnarskrárþróun norrænna lýðveldi

Í sérhverju ríki er stjórnarskrá niðurstaða úr pólitísku ferli. Þetta á einnig við um endurskoðun bæði finnsku og íslensku stjórnarskrárinnar. Auðunn Arnórsson tók saman nokkrar ályktanir af því sem hlöðstætt og ólíkt er með stjórnarskrárþróun norrænna lýðveldanna tveggja.

Stjórnarskrárþróunin í Finnlandi annars vegar og Íslandi hins vegar á sér ýmsar hlöðstæður. Fyrsta stjórnarskrá fullvalda Finnlands varð til á sama tíma og fyrsta stjórnarskrá hins fullvalda Íslands – sú finnska 1919 og sú íslenska 1920. Aðstæður tilurð þeirra voru hins vegar mjög ólíkar, sú finnska varð til í kjölfar blóðugs borgarstriðs, sú íslenska var aftur á móti lítt breytt stjórnarskrá hins ófullvalda Íslands frá árinu 1874. Og sú stjórnarskrá var aftur lítt breytt stjórnarskrá Danmerkur frá miðri nítjándu öld.

Með öðrum orðum: íslenska stjórnarskráin varð til í mun minna félagslegu og pólitísku umröti en sú finnska. Stjórnarskrá Konungsríkisins Íslands breyttist árið 1944 í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, en þegar nánar er að gæð er sú stjórnarskrá, sem enn er í gildi, lítt breytt frá nítjándu aldar uppruna sínum. Finnska stjórnarskráin frá 1919 hélt óbreytt í 80 ár, en það má þakka þeim sveigjanleika sem finnsk stjórnlagahéfið bauð upp á – unnt var með auknum meirihluta á þingi að setja lög sem voru ígildi stjórnлага, og var sú heimild notuð mörg hundruð sinnum á þessu tímabili.

En þegar hömlur kaldastríðsáranna, „Finnlandiseringarinnar“, féllu með hruni Austurblokkarinnar, drifu Finnar í því að færa stjórnarskrá sína til nútímahorfs og lögðu hana að þeim stjórnskipunarlega raunveruleika sem hefði hafði skapast fyrir í landinu. Íslendingar voru samstíga Finnnum við að semja nýjan mannréttindakafli í stjórnarskrána (árið 1994), en íslendingar eiga það enn eftir að laga sína stjórnarskrá að þeim stjórnskipunarlega raunveruleika sem hér hefur skapast hefð fyrir.


Nýtt ták „samstöðu-Finnlands“

„Samstöðu-Finnland“ hefur ólást sitt eigið pólitíska ták, hina fríðsamlega tilkomnu og svo gott sem

samhljóða samþykktu nýju stjórnarskrá. Þetta skrifar finnski stjórnmaláfræðiprófessorinn Jaakko Nousiainen í niðurstöðu greinar sinnar um stjórnarskrárendurskoðunina, sem birt er á vef finnska dómsmálaráðuneytisins.

Nousiainen segir enn fremur: „Hún [nýja stjórnarskráin] er þar með bæði frá sjónarhóli borgaranna og stjórnmalá-elitunnar „hlutlaus“ stjórnarskrá, sem nýtur óskoraðs lögmætis og notkunarhæfni. Sagan kennir okkur að fríðsamlegri stjórnarskrárbreytingar geta þá aðeins skilað árangri að þær fylgi straumi stjórnmaláframvinduinnar. Í endurskoðunarferlinu var skýrt tekið fram að markmiðið væri í raun að laga stjórnarskrána að þeirri skipan sem þegar hefði fest sig í sessi í verki. Gildistaka nýju stjórnarskrárinnar markar þannig ekki upphaf nýs skeiðs í sögu finnska stjórnmalakerfisins, heldur einkennist hún af öfro framhaldi; hún er staðfesting á því að uppbygging ríkisins hvíli að flestu leyti á gamlaeyndum grunni. Engu að síður kann að vera að hinar endurskrifuðu leikreglur stjórnmalakerfisins breyti meiru þegar upp verður staðið; það mun fyrst koma í ljós með tíð og tíma.“

Fullýrða má að sú endurskoðun sem nú hefur verið ráðliti í á íslensku stjórnarskránni sé sama eðlis og sú



FINNLAND

■ **Stjórnkerfi Lýðveldisins Finnlands**
Finnland varð sjálfstætt lýðveldi hinn 6. desember 1917. Áður var það stórhertoga-dæmi sem heyrði undir Rússakeisara og þar áður hluti af sænska konungsríkinu. Samkvæmt finnsku stjórnarskránni, sem gekk í gildi eftir umfangsmikla upplæslu 1. mars 2000, er þingraði grundvöllur finnska stjórnkerfisins. Forseti lýðveldisins er kjörinn í beinni kosningu til sex ára í sinni (og getur mest sett tvei kjörtímabil í röð). Þingið, sem 200 fulltrúar eiga sæti á, er kjörtíð til fjöguru ára í sinni í almennum kosningum. Hlutféllingskerfi stýri skiptingunna þingsæta.

Í síðustu þingskosningum (árið 2003) skiptust þingsætin svona:

■ Miðflokkurinn	55 sæti
■ Jafnaðarmannaflokkurinn	53 sæti
■ Sameiningarflokkurinn (haldstf.)	41 sæti
■ Vinstribandalagið	19 sæti
■ Græningjar	14 sæti
■ Sænski þjóðarflokkurinn	9 sæti
■ Kristlega bandalagið	6 sæti
■ Sanntir Finnar	3 sæti

Ríkisstjórnin er samsteypuþing Miðflokksins, jafnaðarmanna og Sænska þjóðarflokksins. Forsætisráðherra er Matti Vanhanen.

Tarja Halonen úr Jafnaðarmannaflokknum var fyrst kjörin forseti árið 2000 og endurkjörin í febrúar 2006. Kjörtímabil hennar rennur út í febrúarlok 2012.



MARTIN SCHEININ

VELI-PEKKA VILJANEN

finnska, eins og henni er lýst í þessum texta Nousiainens

Að mati Nousiainen vakti sterkur vilji til að styrkja stöðu þingsins yfir öllu endurskoðunarstarfinu í Finnlandi. Dverpólitísk samstaða skapaðist um það á þingi að mikilvægt væri að búa svo um hmta að forsetaræði sjóunda og áttunda áratugarins gæti ekki endurtekið sig. Þessi djúpstæða ósk þingheims um að takmarka völd forsetans náði út yfir alla togstreitu milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Þar hjálpaði einnig til að rötrögn hefði er fyrir breiðum samsteypuþingnum og menn í öllum flokkum vanir því að þurfa að leita málamiðlana. Þetta átti tvi-mælalaust þátt í að skapa forsendurnar fyrir þeirri þverpólitísku samstöðu sem náðist um stjórnarskrárráfrumvörpin, bæði mannréttindakafli árið 1994 og allsherjar-endurskoðunina árið 1999. Skoðanaágreiningur um einstaka þætti stjórnarskrárendurskoðunarinnar lá ekki nema að litlu leyti eftir flokkslínum.

Við blasir að sambærilegar forsendur fyrir samstöðu um stjórnarskrárbreytingar eru ekki fyrir hendi hérlendis eins og sakir standa. Nægir þar að nefna hvernig deilan um málskötsrétt forseta lýðveldisins hefur leitað í flokkspólitískan farveg.


Samstaða í kjölfar kalda stríðs

Martin Scheinin, prófessor við laga-deild hinar forfræga menntaseturs Ábo Akademi og forstöðumaður



ÍSLENZKA STJÓRNARSKRÁIN Á rætur sínar á 19. öld og hefur ekki verið uppfærð eins og sú finnska.

FINNSKASTJÓRNARSKRÁIN Var fyrst með endurskoðuninni sem gekk í gildi árið 2000 sameinuð í eitt samræmt skjal.



FINNSKA STJÓRNARRÁÐIÐ Ein helsta innihaldslega breytingin á finnsku stjórnarskránni styrkir stöðu forsætisráðherra á kostnað forsetans.

mannréttindastofnunar þess skóla, var spurður hvernig hann útskýrði þá breiðu samstöðu sem náðist um stjórnarskrárbreytingarnar í Finnlandi.

„Ég held að þar hafi komið saman tveir þættir: á þessum tíma, í byrjun tíunda áratugarins, var mjög í tísku að vera alþjóða- og Evrópusinnaður. Þetta voru svo að segja umskipti frá mjög sjálfhverfri sýn til víðrar alþjóðlegrar sýnar á stjórnlagaumværingu“, svarar Scheinin. Vegna hins sérstaka sambands við Sovétríkin gengu Finnar ekki í Evrópuráðið fyrr en árið 1996, og undirrituðu þar með Mannréttindasáttmála Evrópu fyrst þá. Á sama tíma voru víðræðurnar um Evrópska efnahagsvæðinguna komnar í gang, sem síðan enduðu með því að Finnar sóttu um fulla aðild að Evrópusambandinu. Að sögn Scheinins reyndist við þessar aðstæður auðvelt að segja að samþykkt nýja mannréttindakaflians væri sjálfsagður hluti af Evrópuvæðingunni, afleiðing aðlögunar Finnlands að vestrænu og evrópsku milliríkjasamstarfi eftir lok kalda stríðsins. Þessi tíðarandi hafi boðið upp á að við það yrði ekki settið heldur tækifærið nýtt til að uppfæra alla stjórnarskrána.

Veli-Pekka Viljanen, stjórnlagafrófessor við Turku-háskóla sem var ritari stjórnarskrárendurskoðunarnefndarinnar, skýrir samstöðuna með svipuðum hætti. „Aðlögunin að Evrópusambandinu, undirritun Mannréttindasáttmála Evrópu, og það breytta viðhorf til þessara mála sem þessu fyvigið hafði mikið að segja“, segir Viljanen. „Hin ástæðan er að í finnskum stjórnmálum er ekki lengur svo mikið sem skilur hinar pólitísku fylkingar að og var áður.“ Að þessu stuðlaði einnig hefðin fyrir breiðum sam-

steypuþingnum, sem jafnframt hafa sýnt sig að vera stöðugar – allar stjórnir frá því á niunda áratugnum hafa settið út kjörtímabilið, ólíkt því sem var á Kekkonentímanum þegar ríkisstjórnir töldu sjáldan lengur í embætti en eitt ár. Lærdómurinn af Kekkonentímanum sat í monnum í öllum flokkum og stuðlaði að samstöðunni, bætur Viljanen við. Allir urðu sammála um að hindra að einn maður gæti tekið jafn mikið vald til sín og Kekkonen gerði.

Pólitísk hrossakaup með í spilinu

Að þverpólitísk samstaða skyldi nást um mannréttindakafliann þakkar Scheinin reyndar einnig vissum pólitískum hrossakaupum; markaðshyggjumenn féllust á að kveðið yrði á um viss efnahagsleg og félagsleg réttindi í stjórnarskránni gegn því að felt yrði burt ákveðið um að þriðjungur þingheims gæti frestað gildistöku laga fram á næsta kjörtímabil. Þetta ákveði hafði staðið efnahagsumboðaformum fyrir þrifum, sem hægrimmenn vildu koma í framkvæmd þegar þeir voru í stjórn í kring um 1990.


Að öll stjórnmaláðfi skyldu standa saman um að færa vald frá forsetanum til þings og ríkisstjórnar þakkar Scheinin í stórum dráttum um því að meðal vinstrimanna væri rötrögn hefð, jafngömul lýðveldi um að vilja takmarka vald forsetans. Hægrimmenn aftur á móti vildu á sínum tíma að landið yrði konungsríki og málamiðlunin varð til-tölulega valdamikill forseti. Eins og finnsk stjórnmalá hefðu þróast eftir lok kalda stríðsins hefðu hægrimmenn séð sér meiri möguleika á að komast í forsætisráðherraembættið en á forsetastöf, og því hafi allt pólitíska litrófið verið sammla um að takmarka völd forsetans.

„Stjórnarskráin er niðurstaða pólitískis ferlis, hún er ekki fullkomin frekar en önnur mannanna verk“, segir Martin Scheinin.

auðunn@frettabladid.is

ÞAÐ ER KOJA Á HRAUNINU
EINS OG RASSGATIÐ
Á MÉR Í LAGINU.

Svona erum við
> Útsöluverð kjúklinga kilóíð



Verðlag er miðað við nóvember hvers árs. Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið
fréttir og fróðleikur

STJÓRNARSKRÁ FINNA ENDURSKOÐUÐ

Forsaga og framkvæmd:

1919: Fyrsta stjórnarskrá hins fullvalda Finlands tekur gildi. Í henni er kveðið á um tiltölulega valdamikinn forseta en jafnframt að þingi sé grundvallarstofnun stjórnskipunarinnar. Á fjórða áratugnum var þingið veikt vegna innbyrðis átaka og forsetinn stjórnaði í auknum mæli með tilskipunum.

1922: Lög um ráðherraþing og Lög um Ríkisrétt samþykkt sem stjórnskipunarlög.

1928: Lög um Finnlandsping samþykkt sem stjórnskipunarlög.

1970: Fyrsta stjórnarskrárnefndin skipuð, sem var falið það hlutverk að endurskoða stjórnarskrána. Lítið gerðist þó í þeim málum fyrir en að lokinni forsetaði Urho Kekkonens árið 1981.

1981-1990: Á níunda áratugnum voru ýmsar stjórnarskrárþrýtingar samþykktar í formi sérлага, sem með auknum meirihluta var tiltölulega auðvelt að koma í framkvæmd. Þær sneru einna helst að því að takmarka vald forsetans, svo sem við ríkisstjórnarmyndun. Alls voru 869 slík sérlæg samþykkt á tímabilinu 1919-1995, mörg giltu aðeins í skamman tíma.

1990-1994: Unnið að endurskoðun mannréttindakaflla stjórnarskrárinnar.

1. ágúst 1995: Ný mannréttindakafllinn gekk í gildi.

17. júní 1997: Tillaga að endurskoðaðri stjórnarskrá samþykkt í nefnd, eftir 17 mánaða starf.

6. febrúar 1998: Eftir að viðbrögðum hafði verið safnað við tillögunni var hún lögð fyrir þingið.

1. 2. febrúar 1999: Tillagan samþykkt á Finnlandspingi með 175 atkvæðum gegn tveimur.

1. mars 2000: Nýja stjórnarskráin gekk í gildi.

FBL GREINING: AFRIKUBÚAR FLÝJA ÖRBIRGÐ OG LEITA TIL EVRÓPU

20.000 teknir á Kanaríeyjum í ár

Spænsk yfirvöld gripu yfir 1.300 ólöglega innflytjendur frá Afríku í opnum bátænum við komu þeirra til Kanaríeyja um helgina. Yfir 20.000 manns hafa verið gripnir við komuna til eyjaklasans það sem af er þessu ári, fjórum sinnum fleiri en allt árið í fyrra. Spænsk yfirvöld eru ráðþrota gagnvart vandanum og hafa þau beðið Evrópusambandið, Sameinuðu þjóðirnar og alþjóðir um hjálp.



Hvernig er ferðin?

Kanaríeyjar, sem tilheyra Spáni, liggja í um 100 kílómetra fjarlægð frá vestrútrönd Afríku. Þetta er ein ástæða þess að Kanaríeyjar eru orðnar ein eifirtsátasta leið Afríkubúa inn í Evrópu, og flestir koma ólöglega. Ferðin er afar hættuleg, oftast fanin á yfirfylltum opnum bátænum. Öttast er að á milli 600 og 3.000 manns hafi druknað á hættulegu ferðalaginu til eyjaklasans það sem af er þessu ári.

Hvað bíður þeirra?


Gómi yfirvöld fólkið hefst vera þess á Spáni á því að starfsmenn Rauða krossins sinna brýnustu þörfum þeirra. Svo er það flutt í búðir þar sem spænsk yfirvöld geta löglega haldið því í 40 daga, meðan leitað er leiða til að senda það aftur til heimalands þess eða landsins sem það lagði upp frá. Komist fólkið ósæð inn í Spán eru litlar líkur á því að evrópskum yfirvöldum tækist að góma það. Staldir margir stutt við á Spáni og færa sig fljótlega lengra inn í Evrópu.

Aðrar leiðir inn í Evrópu?

Vandrar er ekki bundinn við Kanaríeyjar, því Afríkubúar reyna svipaðar ferðir frá Líbú til Ítalíu og Möltu. Eins hafa þúsundir Afríkubúa reynt að komast inn í Ceuta og Melilla, hölmendur Spánar í Afríku.

Gildi lýðræðis og mannréttinda fest í sessi

Kaarlo Tuori, lagaprófessor við háskólann í Helsinki, er einn virtasti stjórnlagafræðingur Finna. Í samtali við Auðun Arnórsson segir hann að með nýju stjórnarskránni sem gekk í gildi árið 2000 hafi grundvallargildi lýðræðis og mannréttinda verið fest í sessi í finnskri stjórnmála- og lagamenningu.



KAARLO TUORI Öttaðist að það skorti á „casio constitutionis“ er ákveðið var að endurskoða finnsku stjórnarskrána.

Tuori var meðal sérfræðinga sem voru til ráðgjafar þingnefndinni sem samdi nýju stjórnarskrána og hann er oft til kallaður sem álitsgjafi er stjórnarskrárnefnd þingsins fjallar um stjórnarskrársamræmi nýrra lagafrumvarpa. Leitað var til Tuoris í tilefni af því að verið er að vinna að endurskoðun íslensku stjórnarskrárinnar og því áhugavert að kynnast því hvernig Finnar stóðu að endurskoðun sinnar lýðveldisstjórnarskrár. Hann var fyrst spurður álits á því hvernig honum þætti hafa til tekið.

Mannréttindakafli við þyngra

„Að minni áliti var endurskoðun mannréttindakafllans veigamikil að innihaldi en heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sjálfvar,“ segir hann. Með heildarendurskoðuninni hafi stjórnarskráin verið sameinuð í eitt, samræmt skjal, en hún skiptist árið í fjóra aðskilda þætti. Við þessa sameiningu og uppfærslu stjórnarskrártextans hafi innihaldslegu breytingarnar verið takmarkaðar. „Þær snertu aðallega frekari breytingar á valdmörkum þingsins, ríkisstjórnarmyndun og forsetans,“ útskýrir Tuori. Hlutverk forsetans við ríkisstjórnarmyndun hafi verið minnkað enn frekar en þegar var búið að gera síðan aldarfjórðungslangri forsetaði Urho Kekkonens lauk snemma á níunda áratugnum. „Það var líka dregið úr valdi forsetans í mótun utanríkisstefnu, og vald hans til að gefa út tilskipanir afnumið nær algerlega,“ bætir Tuori við.

Hann segir þessar breytingar allar hafa sinna þýðingu, en ekki mjög veigamikla.

Efasemdir um tilefnið

Þegar lagt var upp í heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar í kjölfar gildistöku nýja mannréttindakafllans árið 1995 kveðst Tuori reyndar hafa haft sínar efasemdir um það starf.

„Frumkvæði að þessari endurskoðun kom frá embættismönnum í dómsmálaráðuneytinu, ekki stjórnmalámunnum,“ bendir Tuori á. Markmið verksins var fyrst og fremst að færa texta stjórnarskrárinnar til nútímalegra horfs, tæknilegu uppfærsla. „Því var líka teft fram sem rökum fyrir endurskoðuninni að það væri

flott að setja landinu nýja stjórnarskrá á árpásundamótunum,“ segir Tuori til útskýringar efasemda sinna.

„Sem stjórnlagafræðingi hafi honum þótt skort á „casio constitutionis“ eins og hann kallar það uppá latínu, það er pólitískt og stjórnskipunarlegt tilefni stjórnarskrárgerðarinnar. „Með öðrum orðum var efasemdir mínar að rekja til þess að ég taldi að til að tryggja lögmæti stjórnarskrárinnar ætti hún að svara pólitískri og lögræðilegri þörf,“ segir hann. „Ég efast um að slíkt knýgjandi tilefni stjórnarskrárgerðar væri fyrir hendi eins og þarna stóð á og öttaðist þar af leiðandi að hin endurskoðaða stjórnarskrá myndi eiga erfitt með að hljóta það táknaða vægi sem að mínu áliti er æskilegt að hún geri.“

Sáttur þegar upp var staðið

En þegar upp var staðið segist Tuori vera sáttur. „Sú breidd samstaða sem náðist um endurskoðun stjórnarskrána var mikils virði,“ segir hann, en er atvæði voru greidd um endurskoðaða stjórnarskrána árið 1999 voru aðeins tveir af 200 þingmönnum sem höfnuðu henni.

„Þessa nær einróma samstöðu er hægt að túlka þannig að grundvallargildi hins lýðræðislega réttarríkis hafi verið staðfest með efriminnilegum hætti sem grundvöllur finnskrar stjórnmála- og lagamenningar.“ Þetta sé mikilvægt ekki síst í sögulegu ljósi, einkum og sér í lagi með tilliti til þess að það var langt frá því að slík þverpólitísk samstaða næðist um stjórnarskrána frá árinu 1919.

„Það tók langan tíma fyrir hana að vinna sér lögmæti í augum bæði þeirra sem lengst voru til vinstri og þeirra lengst til hægri,“ útskýrir Tuori. „Í augum „rauðra“ Finna var hún „hvítuþaplag“,

stjórnarskrá sigurvegaranna úr borgarastriðinu. Hægrirjádarmenn millistríðsáranna álitu hana af lýðræðislega, að hún legði af mikla áherslu á þingræði. Hún var miðjumanna-stjórnarskrá,“ segir Tuori. Fyrst eftir þetta hafi grundvallargildi lýðræðislegs réttarríkis orðið óumdeildur grundvöllur finnskrar stjórnskipunar. Og nú megi líta svo á að með samþykkt endurskoðuðu stjórnarskrárinnar árið 1999 hafi þetta verið staðfest formlega af öllu litrófi finnskra stjórnmála. Aðspurður kveðst hann falast á að líta megi svo á að í þessu felist það „casio constitutionis“ sem hann öttaðist í upphafi að skorti. „Eftir á er ég mjög ánægður með það sem gerðist,“ segir hann. Það sé mjög erfitt að ná svo víðtækri samstöðu um mál sem þetta og því sé samstaðan mikilsverð út af fyrir sig.

Mannréttindavitund skýtur rötum






En Tuori bætir við: „Það tók enn lengri tíma að skapa hér mannréttindavitund. Við gengum ekki í Evrópuráðið fyrir en árið 1990 og staðfestum þar með fyrst þá Mannréttindastómáliá Evrópu. Inneíð slíkra alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga, sem skuldbinding stjórnvöld beint, og alla handhafa stjórnsvalds, voru mikil breyting,“ segir Tuori. Slíkar hugmyndir eru að hans sögn tiltölulega nýjar af nálinni í lagamenningu Finlands, bæði lýðræðisgildin og mannréttindi. Þess vegna líti hann svo á að ný mannréttindakafllinn, sem gekk í gildi árið 1995, hafi verið veigamikil framfarir en heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.



FRÉTTAVITDAL
AUÐUN ARNÓRSSON
auou.arn@frettabladid.is

Lækkum matarverð á Íslandi
Fundur í tilefni skýrslu um aðgerðir til lækkunar á matvælavæðri
Fimmtudaginn 7. september kl. 8:30 á Hótel Nordica

DAGSKRÁ

8:30	Ávarp Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri SVP	
8:45	Matvælskýrsla og viðbrögðin við henni Hallgrímur Snorrason, Hagstofustjóri og höfundur matvælskýrslunnar	
9:10	Aðferðir Svía til að lækka matvælavæðri Thomas Svaton, framkvæmdastjóri Svensk dagligvaruhandei	
9:40	Matvælavæðri, hagfræði og hindranir Ágúst Einarsson, prófessor við Háskóla Íslands	
10:00	Umræður	

Fundarstjóri: Sigurður Jónsson
Aðgangseyrir 3.000 kr. Lættur morgunverður innifalinn
Skráning á svth@svth.is eða í síma 511 3000

SVP
Samtök verslunar og þjónustu